# Skóla-akur

Vefrit um skólamál 14. tbl. 5. árg. 5. október. 2011

**Myndir augnabliksins eru teknar af heimasíðu Kiðagils. Þar er unnið með Leikskólalæsi og er þemað himingeimurinn.**




## Forseti Íslands heimsækir Akureyri í tilefni forvarnardagsins

Forvarnardagurinn er í dag miðvikudaginn 5. október. Forvarnardagurinn er haldinn að frumkvæði forseta Íslands í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. Verkefnið er stutt af Actavis.
Dagurinn er helgaður nokkrum heillaráðum sem geta forðar börnum og unglingum frá fíkniefnum, ráðum sem eiga erindi við allar fjölskyldur í landinu.

Í tilefni dagsins heimsækir forsetinn skóla á Akureyri og eiga fund með nemendum. Af grunnskólum bæjarins mun hann heimsækir Giljaskóla og Lundarskóla þar sem hann funda með nemendur í 9. bekkja. Með forseta í för verða m.a. Eiríkur B. Björgvinsson bæjarstjóri og Gunnar Gíslason fræðslustjóri Akureyrarbæjar.
Hér má sjá myndir frá heimsókn forsetans í Lundarskóla í morgun.

## Samningur um framhald Olweusaráætlunarinnar í grunnskólum á Íslandi

Þessa dagana er verið að ganga frá samningum Olweusaráætluninnar við um 50 grunnskóla á Íslandi um áframhaldandi þátttöku skólanna í verkefninu. Samningurinn felur í sér stuðning og ráðgjöf við skólann, eineltiskönnun sem lögð verður fyrir nemendur í nóvember, aðstoð við úrvinnslu og greiningu könnunarinnar og fræðslu fyrir verkefnisstjóra skólans. Sjá nánar á http://olweus.is/

## Alþjóðadagur kennara er í dag, 5. október

„Í dag skulum við minna okkur á að kennarar eru sterkt afl í að berjast gegn kynjaóréttlæti um allan heim. Jafnrétti kynjanna er ekkert einkamál kvenna, það er okkar allra mál“, segir Fred van Leeuwen framkvæmdastjóri Alþjóðasambands kennara, EI.
Árið 1994 var Alþjóðadagur kennara haldinn hátíðlegur í fyrsta sinn. Við hljótum öll menntun og það er okkar hagur að búa að góðum kennurum sem láta sér annt um okkur og menntun okkar. Í þeim skilningi er þetta dagur sem við getum öll gert að okkar. Þann 5. október gefst kærkomið tækifæri til að vekja athygli á starfi kennara og þrýsta á um alþjóðlegar umbætur í skólamálum. Alþjóðasamband kennara, EI, nýtir sér daginn í þessu skyni og hvetur aðildarsamtök sín til að gera slíkt hið sama. Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, Unesco, vekur athygli á 5. október af sömu ástæðu. Kennarar eru burðarás menntunar. Á Alþjóðadegi kennara ár hvert er lögð sérstök áhersla á einn stóran og mikilvægan málaflokk í þágu menntunar og mannréttinda. Einkennisorð okkar í ár eru Kennarar berjast fyrir kynjajafnrétti. Þrennt er sérstaklega mikilvægt í þessu samhengi: Jafnrétti karlkennara og kvenkennara, þar með talið launajafnrétti, aðgengi stúlkna að hágæðamenntun og loks hlutverk kennara og skóla í að kveða niður staðalímyndir um stráka og stelpur, konur og karla.
Sjá nánar á http://www.ki.is/pages/22/NewsID/3311

## Skautar og skóli

Í vetur verður nemendum 3. og 4. bekkja grunnskóla Akureyrar boðið endurgjaldslaus skautakennsla á skólatíma. Skautahöllin leggur til hjálma og skauta fyrir þá sem þess óska. Gert er ráð fyrir að nemendur mæti með íþróttakennurum sínum í allt að fjögur skipti á ísinn. Tíminn sem skólarnir hafa til umráða er frá kl. 8:45 - 12 og gert er ráð fyrir að þeim verði skipt milli skóla svo ekki verði of margir nemendur á ísnum í einu. Einnig er gert ráð fyrir að kennslan verði skipulögð með þjónustu strætisvagna í huga, þannig að engin kostnaður hljótist af kennslunni og ferðum.

**Skóla-akur er veftímarit sem gefið er út af Skóladeild Akureyrarbæjar Glerárgötu 26, Akureyri**
**Ritstjóri:** Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Opnunartími mán-fimmtudaga frá 8 - 13.
**Markmið blaðsins:** er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólk í leik– grunn– og tónlistarskóla bæjarins, auk fulltrúa foreldra o.fl.

## Skólastefna Akureyrarbæjar.

**Á næstu vikum munu koma hér áherslur úr skólastefnu Akureyrarbæjar. Það er alltaf gott að rifja upp.**

**Viðmið um gæði**

**Tilgangur og skipulag.**

**Markmið: Skólar Akureyrarbæjar móti starf sitt í samræmi við þarfir nær samfélagsins sem þjóðfélagsins alls.**

**Í góðum skóla…...**

- **er fagmennska í fyrirrúmi**
- **er skipulag sem setur hagsmuni nemenda í öndvegi**
- **er skýr framtíðarsýn á skólastarfið unnin í samstarfi við foreldra**
- **eru stefna, markmið og starfsáætlun kynnt í skólanámskrá**
- **er starfið sveigjanlegt og náms– og kennsluhættir fjölbreyttir**
- **er áhersla lögð á lýðræðislega þátttöku nemenda með því að gefa þeim tækifæri til að ræða einstök málefni er varðar skólastarfið.**
-

### Danskur farkennari

Menntavísindasvið við Háskóla Íslands og skóladeild Akureyrarbæjar hafa gert með sér samning vegna starfa og dvalar dansks farkennara í Grunnskólum í sveitarfélaginu. Samningurinn er gerður í tengslum við dansk-íslenskt samstarfsverkefni um stuðning við dönskukennslu á Íslandi. Markmiðið með verkefninu er að veita fræðslumiðstöðvum og skólaskrifstofum tækifæri til að efla dönskukennslu í grunnskólum á sínu svæði með sérstöku tilliti til bættrar kennslu í munnlegri tjáningu og miðlun danskrar menningar.

Mette Lybæch byrjaði í Síðuskóla 5. september sl og starfar þar til 7. október þaðan fer hún í Lundarskóla og mun svo fara í hvern skólann á fætur öðrum og jafnvel heimsækja skóla í nágrenni Akureyrar með vorinu. Það má því búast við danskri og huggulegri stemningu í skólum bæjarins í vetur.

### Skógarskóli á leikskólanum Hólmasól

Skógarskólinn hefur nú starfað í nokkrar vikur en þetta er fjórða árið sem skólinn starfar. Elsti árgangurinn á leikskólanum hefur farið inn í Kjarna-skóg með kennurum sínum einu sinni í viku undan farið. Rúta kemur og sækir hópinn alla þriðjudagsmorgna og þá er haldið á vit ævintýra sem Kjarnaskógur býður upp á. Þessa dagana skartar skógurinn mikilli litadýrð og ergaman fyrir börnin að fylgjast með þegar laufin breyta lit og detta að endingu á jörðina og skógurinn tekur á sig nýja mynd.

### Gönguátak í Brekkuskóla

Vikuna 12. - 16. september var efnt til göngukeppni milli árganga. Nemendur fengu hvatningu íþróttakennara og annarra kennara til að ganga eða hjóla í skólann þessa viku og merktu umsjónarkennarar við alla vikuna hverjir komu gangandi eða hjólandi. Sá árgangur sem stóð sig best var 5. ÞG og fékk bekkurinn viðurkenningu frá íþróttakennara og skólastjórnendum. Viðurkenningin voru forláta gullskór sem listgreinakennarar höfðu útbúið. Nemendurnir í 5. ÞG gengu eða hjóluðu í 99% tilvika átaksvikuna.
Almennt um átakið má segja það að þátttaka hafi verið góð og skiptist árangur eftir stigum sem hér segir:
Yngsta stig 95%, miðstig 85,4% og elsta stig 88,2%.

### Læsi drengja

Fimmtudaginn 29. september birtist í Fréttablaðinu ítarleg umfjöllun um kynjamun hjá grunnskólanemendum í Reykjavík þar sem kom fram að hlutfall drengja sem geta ekki lesið sér til gagns er margfalt á við stúlkur. Hins vegar er líðan stúlkna lakari en drengja og eykst bilið á milli kynjanna frá miðstigi til loka unglingastigs. Niðurstöður sem lýst er í greininni voru unnar af Almari M. Halldórssyni, verkefnisstjóra PISA hjá Námsmatsstofnun í tveimur skýrslum til aðgerðahóps hjá Menntasviði Reykjavíkur sem skilaði tillögum að úrbótum í vikunni til Reykjavíkur-borgar. Sjá nánar á http://www.namsmat.is/vefur/

### Leikfangasafnið í Friðbjarnarhúsi

Í Aðalstræti 45, Friðbjarnarhúsi er rekið leikfangasafn undir heitinu Leikfangasýningin í Friðbjarnarhúsi. Safnið var opnað 11. júlí 2010 í þessa gamla húsi í innbænum þar sem fer einkar vel um leikföngin. Safnið hefur hlotið góðar viðtökur.
Opnunartími frá 1. september er á laugardögum kl. 14.00-16.00. Hópar geta pantað skoðun utan opnunartíma.
Allar upplýsingar veitir Guðbjörg Ringsted, ringsted@akmennt.is, 863-4531 og 462-4531

Næsti Skóla akur kemur út fimmtudaginn 20. október 2011